


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	Þýs203	Kennsluáætlun haustannar 2013

Kennari	Wolfgang Frosti Sahr	Sk.st.	WFS
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Framhald í þýsku. Nemendur hafa tileinkað sér grunnatriði og halda áfram að treysta undirstöður þýskukunnáttunnar. Fleiri sagnbeygingarmynstur kynnt til sögunnar, þekking á fallstjórn dýpkuð og öðrum tíðum bætt við. Nokkrar borgir í þýskumælandi löndum verða kynntar og fjallað um þær. Haldið verður áfram að byggja upp orðaforðann. Mikilvægustu atriðin úr þýsku 103 verða endurtekin. Nemendur styrkjast í að tjá sig og geti spjallað um sína hagi sem og daglegt líf daginn og veginn á þýsku. Í munnlegu prófi í lok áfangans reynir á þessa tjáningarhæfni. Nemendur eiga að vera færir að þýða lesbókatekta án orðabókar og geti skrifað stíla sem annars vegar taka á ofanefndum málfræðiatríðum og hins vegar þeim atriðum er tengjast munnlega prófinu.

Markmið: Eftir byrjendakennslu í þýs103 stefnir þessi áfangi að því að festa grunnkunnáttu í tungumálinu og bæta nýjum undirstöðuatriðum við. Nemendur verða færir að skilja og tjá sig í nútíð og liðinni tíð og skilja grundvallarsamhengi í fallstjórn. Í vaxandi mæli fer kennsla fram á þýsku. Áframhaldandi áhersla á aukningu orðaforða, þýðinga og stíla. Hlustunarefni er gert hátt undir höfði sem og munnlegri tjáningu. Eftir þennan áfanga eiga nemendur að hafa náð tókum á ábendingarfornöfnum; öllum núþálegum sögnum, þátið sagnanna "haben" og "sein"; fallstjórn sagna og forsetninga í nf, þf og þgf; núliðinni tíð; raðtölum; beygðum og óbeygðum lýsingarorðum í nf og þf sem og stigbreytingu lýsingarorða.


Námsgögn: Þýska fyrir þig I (lesbók, vinnubók, málfræði). Reykjavík: M&M, 2001
 Felix & Theo: Oktoberfest Berlin: Langenscheidt 1995
 Steinar Matthíasson (orðabók) Reykjavík: IÐNÚ, 2004
 Ítarefni þýs203 Akureyri: Skrifstofa VMA

Vægi námsþátta og námsmat

A ¹	8%	Þýðing /ritun	Tímaverkefni án orðabókar.
	8%	Stöðupróf	Sbr. skriflegt lokapróf.
	8%	Hlustun	Hlustað á þýskan texta og spurningum svarað skriflega.
B ²	10%	Samtal	Lestur texta úr lesbókinni og spurningar/svör á þýsku um hagi nemenda og daglegt líf.
	8%	Oktoberfest	Lestur skáldsögu heima/í tímum og verkefnavinna. Í prófi úr þessum matsþætti verða lagðar fyrir krossaspurningar og spurningar á íslensku og/eða þýsku.
C	8%	Vinnueinkunn	Kennari fylgist með þátttöku í kennslumræðunni (4%) og metur án frekari auglýsingar ýmis skilaverkefni (4%).
D	50%	Skriflegt lokapróf	Þýðingar í samræmi við orðaforða lesbókatekta, ritun í samræmi við itarefnið. Málnotkun sbr. markmiðslýsingu. Prófið er tekið án orðabóka.

1 Missi nemandi af viðkomandi matsatriði hækkar vægi lokaprófs því sem nemur.

2 Mæti nem. ekki í úhlutaðan próftíma þarf hann að leggja fyrir vottorð ellegar verður einkunn hans í þessum matsþætti að engu. Sjúkrapróf er í síðustu kennslustund annarinnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Þýs203	Kennsluáætlun haustannar 2013

Áætlun um yfirferð:

vika	dagsetning	atburðir	yfirferð	námsmat
34	22.08.-23.08.	kennsla hefst 22.08.		
35	26.08.-30.08.	Mæta með ítarefni og lesbók!	kafli 8	
36	02.09.-06.09.		kafli 9	
37	09.09.-13.09.		kafli 9	þýðing/ritun
38	16.09.-20.09.		kafli 10	
39	23.09.-27.09.		kafli 10	
40	30.09.-04.10.		kafli 11	stöðupróf
41	07.10.-11.10.		kafli 11	
42	14.10.-18.10.		kafli 12	
43	21.10.-25.10.	Afmæli Helga magra (fös)	kafli 12	hlustun
44	28.10.-01.11.	Afmæli Helga magra (mán)	kafli 13	
45	04.11.-08.11.		kafli 13 æfing f. samtal	
46	11.11.-15.11.		kafli 14	samtal
47	18.11.-22.11.		kafli 14	
48	25.11.-29.11.		Oktoberfest	
49	02.12.-03.12.	Próftími hefst <u>04.12.</u>		02.12. próf Oktoberfest 03.12. sjúkrapróf (Okt/samtal.)

- Réttur áskilinn til breytinga -

Ábending: Mætingarskylda er 80% - lakari mæting jafngildir úrsögn úr áfanganum. Notkun fartölva er ekki heimil í áfanganum. Nemendum er bent á skólareglurnar VMA. Endurtekin mæting án viðhlítandi námsgagna varðar brottrekstur úr tíma.

Dagsetning: 20.08.2013

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils